

NÁTTÚRUSÝN

EFTIR GÍSLA SIGURÐSSON

SÝNING sem ber yfirskriftina „Íslensk náttúrusýn“ hefur afar rúman ramma, en snýr þó eftir almennum skilningi að landinu, náttúru þess og veðurfari. Fólk er að sjálf-sögðu hluti náttúrunnar og þegar litid er á listasöguna má sjá að þar var fólk í fyrirrúmi lengi vel. Landslag sést fyrst sem bakgrunnur í málverkum, til dæmis hjá ítölsku 14. og 15. aldar málurum. Það verður svo smám saman fyrirferðarmeira og er stundum orðið alls ráðandi hjá hollenzkum málurum á 17. öld. Í rómantikinni á síðustu öld varð landslagið nánast upphafið fyrirbæri og myndlistin þá eins og löngum áður hafði alveg tengst fagurfræðilegri tjáningu.

Sú breyting varð hinsvegar í upphafi þessarar aldar að menn fóru að efast um hinar fagurfræðilegu lausnir. Má segja að mestalla öldina hafi verulegur hluti myndlistarinnar farið út á aðrar brautir. Jafnvel svo að oft hefur það grófa og að sumra dómi það ljóta, þótt áhrifameira til þess að túlka það sem menn vildu fá fram.

Þegar hinir íslenzku brautryðjendur í myndlist voru við nám í Kaupmannahöfn um og eftir síðustu aldamót, var fagurfræðilega sjónarmiðið alls ráðandi. Viðerni íslenzkra fjalla og öræfa heillaði þá og bláminn og birtan urðu yfirgnæfandi, hliðstætt því sem segir í ljóði Stephans G. Stephanssonar: *Nóttlaus voraldr veröld/ þar sem víðsýnið skín*. Handan við viðernin er Hekla böðuð í töfraljóma í frægri mynd Ásgríms og lognværðin svífur yfir vötnunum hjá Þórarni B. Þorlákssyni.

II

Enn hafði sú krafa ekki verið hafin á loft, að myndlistarverk yrði umfram allt að vera frumlegt. Nægilegt þótti að vinna samkvæmt þeim gildum sem höfð voru til viðmiðunar í akademísku námi. Það er hinsvegar ein meginbreytingin á 20. aldar listinni frá því sem var, að krafan um frumleika yfirskyggir flest annað. Þar með var útilokað að halda áfram að mála landslagsmyndir eins og Þórarinn, Ásgrímur eða Kjarval. Nýjar lausnir urðu að koma til, en það hafa málara margsinnis rætt sín á milli, að þeir hefur ekki reynzt auðhlaupið að því að finna nýja fleti á landslagsmálverkinu. Það er að hluta vegna þess arna, að margir hafa snúið sér frá náttúrunni; landslagsmálverk eða náttúrutúlkningar hafa heldur ekki átt uppá pallborðið.

Jóhannes Kjarval var svo frumlegur og skapandi listamaður að hann fann fljótlega nýjan flöt á náttúrutúlkuninni. Í stað þess að mála viðernin, beindi hann sjónum sínum oftast að forgrunninum; hann fann myndefnin við hendina, eða við fætur sér þar sem hann gekk. Árangurinn varð svo áhrifamikill að landsmenn fengu nýja sýn á hraun og grjót og annað sem áður hafði verið talið ljótt. Og meira en það; Kjarval innleiðir mystíkuna í þessa náttúrusýn, sem verið hafði hluti af lífsskoðun landsmanna: Klettar og hólur voru bústaðir huldufólks og hraunið var þegar betur var að gáð krökkt af dularfullum mannamyndum.

Þessi náttúrusýn Kjarvals var svo persónuleg og sérstæð, að aðrir listamenn reyndu ekki að feta sömu slóð. Hvortvegga var og komið til skjalanna, að móðernisminn sem flestir fylgdu, gekk ekki sérstaklega út á náttúrutúlkun og eins hitt sem fyrr var nefnt, að nú þurftu menn að vera frumlegir.

Það gerðist einna helst á þann hátt að menn fóru að mála abstrakt landslag. Eftir að strangflatastílinn leið að mestu undir lok og allstór hópur málara aðhylltist hinn svonefnda abstrakta expressjónisma, mátti segja að leiðin fyrir mjög nútímalega náttúrutúlkun væri opin.


Svavar Guðnason hafði aðeins lítilhátar gengizt strangflatastílnum á hönd og það má segja að eftir brautryðjendurna verði hann fyrstur manna til að mála „öðruvísi“ myndir með náttúrutúlkun. Þetta voru myndir um landið, en ekki af því; ný aðferð til þess að nálgast og túlka áhrifamátt náttúrunnar.

Jafnframt voru allar staðarlýsingar og fræg fjöll látin lönd og leið.

Aðrir sem á eftir komu fóru kannski að gaumgæfa formin í grjóti ein og sér, eða fjöruna og það samspil sjávar, grjóts, sands og þara sem þar gefur að líta. Kjarni málsins var dreginn út; öðru vikið til hliðar. Þetta á til að mynda við abstraktmyndir Nínu Tryggvadóttur og „Ölfusártema“ Þorvaldar Skúlasonar. Á tímabili var þetta sú náttúrusýn, sem mest höfðaði til málara og má í því sambandi nefna Benedikt Gunnarsson, Elías B. Halldórsson, Valtý Pétursson, Ragnheiði Jónsdóttur Ream, Steinhólr Sigurðsson, Eirík Smith, og Kristján Davíðsson, sem einn er fulltrúi fyrir þennan hóp á sýningunni og á þar nokkrar myndir.

III

Í formála sýningararkrár fyrir þessa sýningu á Kjarvalsstöðum, skrifar Gunnar B. Kvaran svo um þátt Kristjáns: „Tjáningarmáti Kristjáns Davíðssonar einkennist af expressívri formskapandi pensilskrift sem getur í senn verið hrá og ofsafengin þar sem snertigildi litarins, liturinn sem efni og áferð, setja sterkan svip... Abstrakt expressjónismi Kristjáns er umskrift á hughrifum frá náttúrunni, en samt er þessi náttúruskírskotun ekki vísun í ákveðið landslag, heldur er um að ræða hugrenningatengsl í senn við hið smágerða og stórbrotna í náttúrunni; landmætir hafi, hrauni eða jökli.“



FINNA Birna Steinsson: Þúfur, 1995.



ÞÓRARINN B. Þorláksson: Sumarkvöld, 1904.

Gunnar nefnir einnig í þessari ritgerð, að Ásmundur Sveinsson hafi unnið meðvitað með afgerandi skírskotanir í náttúruleg fyrirbæri, „og lét hafa það eftir sér í viðtölum að það hafi umfram allt verið landið sem hafi mótað hans formskyn... Tröllkonan er fjall, klettur og hellar og formin í Höfuðlausn minna á rof í landslagi. Íslensk náttúra hafði að geyma það myndasafn sem Ásmundur þurfti til að myndgera íslenskan veruleika.“

Hjá yngri kynslóð íslenzkra málara kennir margra og ólíkra grasa, en Georg Guðni er þó einn um að hafa alfarið nýtt sér landið sem myndefni í málverki. En í rauninni er það hvaða land sem er, mannlaust og mannvirkjalaust í gegnseum bláma fjarlægðar. Dalir og fjöll gefin í skyn, sveipuð dulúðugri móðu; hin abstrakta náttúrusýn komin eins langt og verða má í burtu frá hinni hamslausu og abströktu náttúrusýn Svavars Guðnasonar.

Náttúrumyndmálið í nútímanum hefur óendanlegan fjölbreytileika, svo sem í ljós kemur á Kjarvalsstaðasýningunni. Þar má nefna smágerðar gróðurmyndir Eggerts



SIGURÐUR Guðmundsson: Earthquake.